



Alþýðusamband Íslands

Forsetabréf

ASÍ hóf snemma á síðasta ári tilraunir til að fá stjórnvöld til viðræðna um aðgerðir í efnahagsmálum en talaði fyrir daufum eyrum. Frá útmánuðum 2008 og fram á haust var ítrekað kallað eftir breiðu samráði aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að bregðast við þeim vanda sem þjóðin var að sogast inn í. Því miður var þáverandi ríkisstjórn áhugalaus um aðvörunarorð verkalýðshreyfingarinnar og því fór aldrei nein efnisleg umræða fram. Eftir bankahrunið í byrjun október vildi ASÍ gefa ríkisstjórninni starfsfrið til að slökkva þá elda sem þá geisuðu. Jafnframt lagði Alþýðusambandið fram ákveðnar tillögur sem höfðu að markmiði að verja hag heimilanna og treysta atvinnulífið. Framganga ríkisstjórnarinnar einkenndist hins vegar af mjög takmörkuðum og handahófskenndum aðgerðum og þeir sem báru ábyrgð á hruninu voru ekki látnir axla hana. Í lok nóvember hvatti ASÍ til þess að gerðar yrðu umfangsmiklar breytingar innan ríkisstjórnar, Seðlabanka og Fjármálaeftirlits til þess að freista þess að ná sátt við þjóðina og endurnýja trúverðuleika ríkisstjórnarinnar. Fráfarandi ríkisstjórn gerði ekkert af þessu og því var það óumflýjanlegt að langlundargeð miðstjórnar Alþýðusambandsins þryti nú í ársbyrjun.

Nú hefur ný ríkisstjórn tekið við og tekur ASÍ undir margt af því sem fram hefur komið um fyrirætlanir hennar. Þá ber að fagna yfirlýsingum oddvita stjórnarinnar um að náði samráð verði haft við aðila vinnumarkaðarins í þeirri verkefnavinnu sem framundan er. ASÍ er hér eftir sem hingað til reiðbúið til viðræðna um aðgerðir til að vernda heimilin í landinu og endurreisa atvinnuvegina. Þar er lækkun vaxta og verðbólgu og styrking gengisins brýnasta hagsmunamálið. Það er löngu ljóst að enginn getur til langframa búið við þá okurvexti sem hér eru og svo höfum við ónýta mynt í ofanálag. Það er skýlaus krafa þjóðarinnar að hér verði brugðist hratt við. Það þarf einnig að bregðast við vaxandi skuldum heimilanna með greiðsluáðlögun og fleiri úrræðum, til viðbótar við þau úrræði sem þegar hafa verið kynnt. Það er mikilvægt að efla atvinnulífið með því að verja störf og skapa ný, forgangsraða framkvæmdum, endurreisa bankakerfið og fá erlenda fjárfestingu inn í landið. Það þarf einnig virkar vinnumarkaðsaðgerðir sem gera fólki, sem misst hefur vinnuna, möguleika á að nýta tímann með uppbyggilegum hætti, t.d. með frekara námi og starfsþjálfun.

Það veldur hins vegar nokkrum vonbrigðum að ný ríkisstjórn ýtir Evrópumálum nánast út af borðinu, þrátt fyrir mikilvægi þess að stíga markviss skref í þá átt að skapa nýrri ríkisstjórn í kjölfar kosninga nauðsynlegar forsendur til þess að leggja málið í dóm þjóðarinnar.

Alþýðusambandið telur það algjört lykilatriði í endurreisn Íslands að stjórnvöld hafi skýra framtíðarsýn. Það er jafnframt staðföst skoðun ASÍ, að eina færa leiðin séu aðildarviðræður við Evrópusambandið. Í framhaldinu yrði stefnt að aðild að evrópska myntsamstarfinu (ERM II) þangað til full aðild að evrópska peningamálasamstarfinu (EMU) og upptaka evrunnar næðist. Það er mat ASÍ að með þessum hætti nái þjóðina að rísa fyrr en ella úr þeim þrengingum sem við er að glíma og ávinningur af aðild að Evrópusambandinu yrði Íslendingum til heilla í framtíðinni.

Áður en núverandi ríkisstjórn tók við völdum var komin upp sú umræða innan verkalýðshreyfingarinnar að fresta endurskoðun kjarasamninga nú í febrúar fram á sumar þar sem þriðja aðilinn vantaði að borðinu, þ.e. starfhæfa ríkisstjórn með umboð. Nú er hins vegar ljóst, að ný ríkisstjórn vill láta verkin tala og er ASÍ því tilbúið til viðræðna um aðgerðir til að endurreisa efnahags- og atvinnulífið. Viðfangsefni okkar er að ganga til viðræðna við Samtök atvinnulífsins um þróun kjaramála, en þau hafa eins og kunnugt er óskað eftir breytingum eða seinkunum á tímasetningum launahækkana í gildandi kjarasamningi. Jafnframt er ljóst, að ýrtruðu kröfur atvinnurekenda um frestun launahækkana 1. mars n.k. til næstu áramóta og fyrirhuguðum hækkunum 1. janúar 2010 til loka samningstímans jafngilda að mínu mati uppsögn kjarasamninga. Þessi beiðni SA og hugmynd forystu Alþýðusambandsins um mögulega frestun endurskoðunarinnar var rædd á formannafundi aðildarsamtaka ASÍ þann 22. janúar s.l. og komu fram skipta skoðanir um málið. Niðurstaða fundarins var að boða annan formannafund 16. febrúar n.k. og óskaði forseti ASÍ eftir því að formenn mættu til þess fundar með skýra afstöðu sinna félagsmanna til þeirra álitafna sem hreyfingin stæði frammi fyrir. Mikilvægt er við þessar aðstæður að eiga náð samráð við félagsmenn okkar um næstu skref, en hverju félagi fyrir sig var látið eftir að meta, í samræmi við aðstæður og hefðir í viðkomandi félagi, hvort það yrði gert með umræðu í stjórn og trúnaðarmannaráði, félagsfundum, vinnustaðafundum eða almennri atkvæðagreiðslu.

Ljóst er að mikil umræða verður næstu vikur og mánuði um hvert beri að stefna. Alþýðusambandið hefur á undanförunum árum lagt áherslu á mikilvægi þess að tvinna saman í eina samofna heild stefnuna í efnahags-, atvinnu-, umhverfis og félagsmálum. Í ljósi þess að boðað hefur verið til þingkosninga í lok apríl n.k. hefur miðstjórn ASÍ ákveðið að boða til auka ársfundar þann 25. mars n.k. undir yfirskriftinni *Efnahagur – Vinna – Velferð*. Þar mun Alþýðusambandið setja fram stefnu sína og sýn varðandi viðreisn hins nýja Íslands.

5. febrúar 2009

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ